



# Fundargerð háskólaráðs

## 253. fundur þann 30. mars 2007

Rektor setti fund kl. 14:00.

Mættir voru auk hans:

Hjálmar Stefán Brynjólfsson fulltrúi nemenda  
Ingi Rúnar Eðvarðsson fulltrúi kennara  
Ingibjörg Elíasdóttir fulltrúi kennara

Fjarverandi:

Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra

Aðrir mættir:

Laufey Sigurðardóttir ritari rektors  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Guðmundur Heiðar Frímansson deildarforseti kennaradeildar  
Pétur Leifsson lektor  
Sigurður Kristinsson dósent

---

Rektor kynnti dagskrá.

### 1. Fundargerð 252. fundar

Fundargerð síðasta fundar háskólaráðs var samþykkt.

### 2. Rekstraryfirlit janúar – febrúar 2007

Úlfar gerði grein fyrir rekstraryfirliti janúar–febrúar. Rekstrarkostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er um 172,73 m.kr. (16,09% af áætlun ársins) þar af 102,07 m.kr. vegna kennsludeilda.

### 3. Stefna HA 2007–2011

Rektor sagði að stefna HA 2007-2011 hefði verið kynnt starfsmönnum þann 21. mars sl. að viðstöddum menntamálaráðherra. Nemendum var síðan kynnt stefnan þann 26. mars sl. Lögð voru fram drög að kynningarbæklingi um stefnuna.

### 4. Tillaga um sameiningu kennaradeildar og félagsvísinda- og lagadeildar

Guðmundur Heiðar Frímannsson og Sigurður Kristinsson kynntu tillögu nefndar um sameiningu kennaradeildar og félagsvísinda- og lagadeildar. Meirihluti nefndarinnar stendur að tillögunni, einn nefndarmanna skilaði séráliti. Tillaga nefndarinnar er að deildirnar verði sameinaðar frá og með 1. ágúst 2007. Ákveðið var að fresta ákvörðun og skoða nánar ákveðna þætti m.a. markmið, fagleg sjónarmið og eflingu meistaranáms.

### 5. Frumvarp að reglum fyrir HA

Pétur Leifsson kynnti drög að nýjum reglum fyrir HA og gerði grein fyrir breytingum í kjölfar umsagna frá deildum, sviðum og Félagi stúdenta. Áður höfðu drög að reglunum verið kynnt fyrir háskólaráði þann 25. september 2006.

Háskólaráð gerði nokkrar athugasemdir við regludrögin sem Pétur mun vinna úr og verða ný drög lögð fram á næsta fundi háskólaráðs. Háskólaráð þakkaði Pétri fyrir afar vel unnin störf.

### 6. Aðild HA að Þekkingarvörðum ehf

Lagt var fram bréf frá menntamálaráðuneyti, dags. 20. mars sl., þar sem HA er heimiluð aðild að hlutafélaginu Þekkingarvörðum ehf. Rektor sagði að gert væri ráð fyrir að Þekkingarvörður ehf. muni eiga hlut í hlutafélaginu Orkuvörðum ehf. sem mun

eiga og reka alþjóðlegan orkuskóla, RES (The School for Renewable Energy Science) sem verði rekinn í tengslum við HA.

**7. Samningar við utanríkisráðuneytið**

Rektor gerði grein fyrir samningum við utanríkisráðuneytið sem voru undirritaðir 22. mars sl. Annars vegar er um að ræða samning um leigu á 150 fm. húsnæði HA á Borgum fyrir þýðingastarfsemi utanríkisráðuneytis og hins vegar samstarfssamning um fjárhagslegan rekstur og faglegan stuðning við meistaranám í heimskautarétti við félagsvísinda- og lagadeild HA. Gert er ráð fyrir að námið fari af stað haustið 2008.

**8. Skýrsla frá verkefnasjóði HA**

Lögð var fram greinargerð Verkefnasjóðs HA um styrk Akureyrarbæjar vegna úthlutunar úr sjóðnum árið 2006. Styrkupp hæð var 1,5 m.kr. og hlutu alls 19 aðilar styrki.

Háskólaráð samþykkti að skipa Jónu Jónsdóttur forstöðumann í stjórn Verkefnasjóðs í stað Bryndísar Valdemarsdóttur. Hún verði jafnframt formaður.

**9. Rannsóknaleyfi**

Úlfar kynnti greinargerð rannsóknaleyfanefndar. Háskólaráð samþykkti umsóknir allra 14 umsækjenda um rannsóknaleyfi 2008–2009. Áætlaður kostnaður vegna þessa er u.þ.b. 106,0 m.kr. sem dreifist á þrjú misseri, vor og haust 2008 og vor 2009. Gert er ráð fyrir að allt að 70,0 m.kr. verði settar á rekstraráætlun ársins 2008.

Háskólaráð samþykkti jafnframt tillögu rektors um að fela rannsóknaleyfanefnd að endurskoða reglur um rannsóknaleyfi í því skyni að samræma þær endurskoðuðum reglum fyrir Háskólann á Akureyri og ákvæðum í stofnanasamningi HA og FHA um rannsóknaleyfi.

**10. Skipun stjórnar Símenntunar**

Samþykkt var skipun stjórnar Símenntunar HA. Í stjórnina voru skipuð Anna Þóra Baldursdóttir lektor, Laufey Petrea Magnúsdóttir forstöðumaður og Úlfar Hauksson forstöðumaður sem jafnframt var skipaður formaður stjórnar.

**11. Skipun fulltrúa í stjórn FÉSTA**

Samþykkt var að skipa Bjarna Hjarðar fulltrúa háskólans í stjórn FÉSTA, Félagsstofnunar stúdenta, og Helga Bergs til vara. Skipunin gildir til tveggja ára.

**12. Önnur mál**

Engin mál voru tekin fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 17:40.